

Femínistafélag Íslands
23.05.2011

Alþingi
Erindi nr. P 139/2674
komudagur 23.5.2011

Þskj. 1374 — 778. mál.

**Frumvarp til laga
um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003,
með síðari breytingum (forsjá og umgengni).**

Femínistafélag Íslands vill lýsa yfir almennri ánægju með frumvarp til breytinga á barnalögum nr. 76/2003. Augljóst er að vandað hefur verið til verka og lagðar hafa verið til ýmsar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að barnalögin sé skýr og þjóni markmiði sínu um að tryggja vernd og velferð barna. Má hér sérstaklega nefna inngangskafla þar sem afmörkuð er stefna og tilgangur laganna í samræmi við barnasáttmála S.þ., lögfestingu sáttameðferðar skv. 12. gr. frumvarps (33. gr. a barnalaga), réttur barns til umgengis við nána vandamenn foreldris eða nána vandamenn barns skv. 18. gr. frumvarps (46. gr. a. barnalaga).

Femínistafélag Íslands vill þó koma fram almennum athugasemdum varðandi frumvarpið og barnalög nr. 76/2003. Félagið styður áframhaldandi fyrirkomulag um að dómara sé ekki heimilt að dæma sameiginlega forsjá. Ef dómsúrskurð þarf til að leysa úr ágreiningi foreldra hlýtur það að vera ljóst að ekki sé vilji eða geta til samráðs milli foreldra. Upphaflegar breytingartillögur að barnalögum miðuðu að því að veita dómara heimild til þess að dæma sameiginlega forsjá, í almennum umræðum um 26. gr. frumvarpsins (52. gr. barnalaga) er vikið að slíkri heimild og ber að taka hana út með tillit til núverandi frumvarps.

Femínistafélagið vill einnig leggja til að tekið verði til skoðunar hvort almennar reglur einkamálaréttarfars um sönnunarfærslur skuli eiga við þegar álit er um hvort barn eða aðrir á heimili barns verði fyrir ofbeldi á heimili sínu. Með hagsmuni barnsins að leiðarljósi væri vert að taka til skoðunar að hvort veita eigi dómara heimild til þess að lækka sönnunarmat í slíkum málum með hagsmuni barnsins að leiðarljósi.

Athugasemdir við einstakar greinar

23. gr.

Femínistafélag Íslands leggur til að lögð verði niður heimild í barnalögum til þess að komið verði á umgengni með aðför. Samhliða mætti skipa nefnd til að skoða hvernig eigi að bregðast við þegar annað foreldri tálmar umgengni. Aðför til umgengni er svo afdrifarík aðgerð að erfitt er að sjá að hún geti verið framkvæmd með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Með slíkri aðfarargerð er því verið að taka réttindi foreldra fram yfir réttindi og velferð barnsins. Frumvarpið er til bóta frá núverandi barnalögum að því leyti að aðför til umgengnis verði ekki framkvæmd nema að undangengnu fjárnámi vegna dagsekta, en Femínistafélagið leggur þó til að einnig verði skoðaðar afleiðingar dagsekta og fjárnáms með tillit til hagsmuna barnsins.

F.H Femínistafélags Íslands,

Áhrifhildur Snæfjörð og Gunnarsdóttir